

Reglugerð um (3.) breytingu á reglugerð nr. 167/2015 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu.

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætast sex nýir töluliðir, 44., 45., 46., 47., 48. og 49. tölul., sem verða eftirfarandi:

44. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/149 frá 30. janúar 2015 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið metýlprednisólón. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/2015, frá 12. júní 2015. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, nr. 46, frá 20. ágúst 2015, bls. 842.
45. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/150 frá 30. janúar 2015 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið gamítrómýsín. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/2015, frá 12. júní 2015. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, nr. 46, frá 20. ágúst 2015, bls. 845.
46. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/151 frá 30. janúar 2015 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið doxýsýklín. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/2015, frá 12. júní 2015. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, nr. 46, frá 20. ágúst 2015, bls. 848.
47. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/152 frá 30. janúar 2015 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið túlatrómýsín. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/2015, frá 12. júní 2015. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, nr. 46, frá 20. ágúst 2015, bls. 851.
48. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/394 frá 10. mars 2015 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið túlatrómýsín. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 177/2015, frá 11. júlí 2015. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 55, frá 17. september 2015, bls. 361.
49. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/446 frá 17. mars 2015 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið baríumselenat. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 211/2015, frá 26. september 2015. Reglugerðin birtist í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 63, frá 15. október 2015, bls. 1658.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum nr. 93/1995 um matvæli, lögum nr. 96/1997 um slátrun og sláturafurðir og lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, öll með síðari breytingum.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 12. október 2015.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Ólafur Friðriksson.

Eggert Ólafsson.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.